

ur frá þeim ófögnuði. Lífsþráin kólnar dag frá degi, fjörið og kjarkurinn fölnar og frýs, og mókið og myrkrið fellur á sálu hans. Að síðustu miskunnar dauðinn sig yfir hann og hýlur hann í skauti sínu.

Niðurlag næst.

Mikli maðurinn undirstaða menningarinnar.

FRUMSAMID OG ÞÝTT.

Eftir SIGTRYGG AGÚSTSSON.

Það virðist næsta kynlegt, að þegar maður fer að lesa og eftir megni leitast við að skilja og brjóta til mergjar verk ýmsra merkustu nútíðar rithöfunda, svo sem Rénans, Flauberts og Nietzsche, að þrátt fyrir hið ólíka framsetningarform þessara höfunda, þá skulu þeir allir komast að einu og sömu niðurstöðunni um það, hvað sé markmið sögunnar, að þrátt fyrir mjög svo mismunandi orðfæri, virðast þeir allir hafa sömu skoðun og hugsun til brunns að bera, nefnilega þessa: *Markmið mannkynsins er, að framleiða mikla menn.*

Auðvitað er það, að þegar menn viðhafa eða nota orðatiltæki eins og „markmið sögunnar eða mannkynsins“, þá er það ekki gert í orðsins yfirgrípsmestu merkingu, því að það er raunar ekki hægt að nota þannig löguð orðatiltæki nema óákveðið og ágizkandi, því þau eru eins og ýms þess konar orðtæki orðin úrelt og stafa frá hálfgoðsagnarlegum uppruna. Vér þekkjum t. d. ekki ýmsar orsakir og afleiðingar í náttúrunni eða sögunni, vitum helzt ekki hvert markmið mannkynsins er, það er að segja við vitum ekki, að hvaða endimarki tíminn stefnir, eða hvort um nokkurt endimark er að gera. Þar á móti getum við greint eða að minnsta kosti þykjumst sjá djarfa fyrir markmiði því, er hinn menntaði hluti mannkynsins stefnir að.